

ÍSLAND ER LAND PITT

Ísland er stjórnlaust, því engin því stjórnar.
Ísland er fleki af dýrustu gerð.
Ísland er landið sem Flokkurinn fórnar.
Ísland á reki í sjónum þú sérð.

Ísland í forsetans orðanna skróði.
Ísland sem bankanna, auðmönnum gaf.
Ísland sem sonanna afrekum trúði.
Ísland er land sem á verðinum svaf.

Íslensk er þjóðin sem allt fyrir greiðir.
Íslensk er krónan sem fellur hvern dag.
Íslensk er höndin sem afvegaleiðir.
Íslensk er trúin: „Það kemst allt í lag.“

Íslensk er bjartsýna alheimskuvissan
um íslenskan sigur í sérhverri þraut.
Íslensk er góðærisátveisluhryssan
sem íslenskan lepur nú kreppunnar graut.

Ísland er landið sem öllu vill gleyma
sem Ísland á annarra hlut hefur gert.
Íslenska þjóð, þér var ætlað að geyma
hið íslenska nafn sem þú hefur nú svert.

Íslandi stýra nú altómir sjóðir.
Ísland nú gengur við betlandi staf.
Að Íslandi sækja nú alls konar þjóðir.
Ísland er sokkið í skuldanna haf.
(Hallgrímur Helgason)

LANDFLÓTTI (Lag: Maístjarnan)

Ó, hve þungt er mitt skóhljóð, þegar fer ég á burt
Ég vil alls ekki fara, ég vil vera um kjurt
en ég sé enga framtíð hvorki vott eða þurrt.
Ég vil fara þar sem fæ ég, aftur brauðið mitt smurt

Það eru erfiðir tímar, enga atvinnu hef.
Engu skiptir um líf mitt, hvort ég vaki eða sef
Okkar alspilltu stjórnvöld, ekkert fyrir þau gef.
Ég mun ei lengur fæða, einhvern útrásarref

En í kvöld lýkur minni veru, sem þegns hér í bæ.
Ég er farinn úr landi yfir brimsaltan sæ.
Ég veit ekki hvað mín bíður, eða hvað ég svo fæ.
Ég mun ferðast síðan áfram, uns ég markmiðinu næ.
(Páll Heiðar)

RÓSIN

Undir sótsins svörtu skýi, situr visin lítil rós.
Fyrir framkvæmdum til fjalla, fær ei litið sólarljós.
Ég held ég skilji ei þessa hugsun, hjartaleysið rósín mín,
þegar græðgin gengur yfir, og svo glepur mönnum sýn.

Æsku minnar leiðir lágu, lengi vel í átt til þín.
Nú ég get ei gengið lengur á þessa glæpsamlegu sýn.
Finn ei frið í mínu hjarta, fagra fallna rósín mín.
Eitt er það sem afkomendur, aldrei muna minning þín.
(Páll Heiðar)

Göngulag

Að ganga fram af sér er göngulag
sem gjarna kemur fyrir mig
ganga á vit einhvers annars
um einstigið og kanna sjálfan sig

Ja kannski býr eitthvað innra með mér
sem hentar betur minni vigt
á þeim breiða vegi sem ég vanalega geng
enda vaninn andleg gigt

Bónus og uppeldi barna er ekki á allra færi
enda bannorð í munni sumra manna
þeir bætt á sig milljörðum í ár
og það í bónus... hamingjan sanna

„Hvar er skjaldborgin mín... þessi skjöldur og hlíf
Hvar er skjaldborgin mín... hvar er hús mitt og líf?“

Svo grettum við okkur Ég og þú
borgum og grjóthöldum kjafti
Til sjávar og sveita við vinnum
Og við sækjum af tvöföldum krafti

Það er vont að búa í veruleika
Vanskila... berjandi tómar tunnur
Með á herðum heilt hagkerfi
við sem vinnum... erum óþrjótandi brunnur

„Hvar er skjaldborgin mín... þessi skjöldur og hlíf
Hvar er skjaldborgin mín... hvar er hús mitt og líf?“

Staðfest á alþingi fjárlagagerð
Skömm er að ríki sem reiðir upp sverð
Skuldsettir bankar og sparisjóðir
Við höldum þeim uppi, systir og bróðir

Milljarða borgum án þess að mögla
lítills metin þvílík er smán
Vistarbandið... þrælarnir strögla
við höfuðstól vexti og verðtryggð lán

„Hvar er skjaldborgin mín... þessi skjöldur og hlíf
Hvar er skjaldborgin mín... hvar er hús mitt og líf?“
(Magnús Þór Sigmundsson)

ICESAVE Í HÁDEGINU

Ég er bara 5 ára og kenna á því fékk,
2008 gerðu bankarnir mér hrekk.
Enginn tekur eftir því þó lundin mín sé treg
því einhver þarf að borga og allir segja ég.

Icesave í hádeginu og jöklabréf á kvöldin,
mér er sagt að þegja meðan stjórnarfundur er.
Þar er sama hver þeirra sestur er við völdin
en eitt er víst að alþýðan skiptir engu hér.

Svo inn í aðlögun mér dröslað er í flýti.
Mig sárverkjar í sálu mína eftir þetta geim.
Umboðsmaður skuldara vill ekki að frá mér bítu
síðan koma bankamenn og sýslumaður heim.
(Páll Heiðar)

TÍU LITLIR LÖGFRÆÐINGAR

Tíu litlir lögfræðingar leituðu inn í hlýju.
Einn þeirra fékk "boxhanska" og eftir urðu níu.

Níu litla lögfræðinga langaði að þrátta.
Stína söng fram, fram fylking og eftir urðu átta.

Átta litlir lögfræðingar litu inn klukkan tvö,
Jón E bauð á móti og eftir urðu sjö.

Sjö litlir lögfræðingar, letin stöðugt vex.
Einn þeirra var "hnefaður" og eftir urðu sex.

Sex litlir lögfræðingar lýsa upp strætinn dimm,
einn þeirra lenti í myndavél og eftir urðu fimm.

Fimm litlir lögfræðingar á Laufásvegi stórir,
einn þeirra mætti hundrað manns og eftir urðu fjórir.

Fjórir litlir lögfræðingar lukkan við þeim snýr.
Einn samdi við Maríu og eftir urðu þrír.

Þrjú litla lögfræðinga langar ekki í meir,
einn þeirra fór í "garðveislu" og eftir urðu tveir.

Tveir litlir lögfræðingar litu Alþing' á.
Einn þeirra stal borða og einn var eftir þá.

Einn lítinn lögfræðing langaði að verða hreinn.
Hann drukknaði í mávaskít og eftir varð ei neinn.
(Páll Heiðar)

SUÐUR UM HÖFIN

Suður um höfin, að sólgylltri strönd,
sigldi ég þýfi mínu er rænt ég hafði heimalönd.
Og ekki mér brugðust, mín fjölskyldubönd
og alls ekki brást mér sú heiðbláa hönd.

Þú komst sem engill, í bankann til mín,
afkomuáhyggjur og kvíðakast þér villtu sýn.
Og yndisleg voru þau lánakjör mín
og helvíti voru mín vaxtakjör fín.

Þegar stjórnin svo neyðarlög setti,-
þá var þungt yfir þegnum lands
en höfundum kreppunnar létti,
við gjarnan stigum trylltan dans.

Suður um höfin, að sólgylltri strönd,
sigldum við langt í burt' og yfirlátum heimalönd.
Og ekki okkur brugðust þau fjölskyldubönd
og ekki okkur náði nein réttlætis hönd.

(Páll Heiðar)

ÞJÓÐVÍSA

Bíum, bíum, bankinn hló,
bankinn hló, og díllinn dó.
Vinum sínum fasteignina fól
en úti bíður fjölskylda á glugga.

(Páll Heiðar)

ÉG Á LITLA MÚS HERRA JÓN

Ég á lítið hús sem er að fara
af því ég spara
ekki nóg,
herra Jón.

Ég var alveg staur og fór í banka
sem var að sanku
að sér fé,
herra Jón.

Svo kom fógetinn
á heimili mitt með hamarinn
Ég varð að flýja af landi brott

Má ég ekki aftur hingað fara.
Það eru bara
fjögur ár,
herra Jón.

(Páll Heiðar)

Lag: Drottinn er minn Hirðir

Steinki af mér hirðir, næstum hverja krónu.
Í löngum röðum, má maður nú hirst
þar til að þar fæ ég, eitthvert lítilræði í poka.
Slíkt beygir sál mína, er ég fer um langan veg
í roki og kulda, til að standa í biðröð, buguð af sorg,
skynja ég allt svo illt, og skömmin nærri.
Ekki er bankinn svo að hugga mig, býður ei lán
eða neina skuldbreytingu.
Sýslumaður hótar útburði, mælirinn er NÚNA fullur.
Já, rukkararnir hundelta mig, alla ævidaga mína
og að boði Steinka, svelt ég langa ævi.
Steinki af mér hirðir, næstum hverja krónu.

(Tholly Rosmunds)

KÁTIR ERU KARLAR

Kátir eru kratar
á kúttar ESB.
Til Brussels allir ætla
að öðlast frægð og fé.

Þá allir græða þeir aftur
og allir fá þeir sitt.
Og öllum er þeim sama
um allt nema atkvæði þitt.

Hún hlær, hún hlær,
nú Jóhanna skelli hlær.
Hún hlær, hún hlær
hún er orðin elliær.

(María Sigmundsdóttir)

BROTIN LOFORÐ

Brotin loforð á þjóðinni,
brotin heimili á uppboði,
brotið er okkar alþingi.
Burt, burt, burt

Skrítið hvernig lygin lekur
eins og logi í kornhlöðu.
Skrítið hvernig staðan breytist
milli stjórnar og andstöðu.

Brotin loforð á þjóðinni,
brotin heimili á uppboði,
brotið er okkar alþingi.
Burt, burt, burt

Krónan fellur kaupið lækkar.
Kjörin rýrna sitt á hvað.
Ekkert kynlíf engir kossar,
kominn skattur er á það.

Brotin loforð á þjóðinni,
brotin heimili á uppboði,
brotið er okkar alþingi,
Burt, burt, burt

(Páll Heiðar)

SYNGJANDI GENG ÉG ALLS STAÐAR

Svíkjandi hér, ljúgandi þar,
gjörspilltur geng ég alls staðar.
sí og æ, æ og sí
Þú færð að finna fyrir því:

Steingrímur illa innrætti,
fjármála tók sér embætti.
Og fólkið næstum úr hungri dó
en Steini stóð bara og skellihló

Svíkjandi hér, ljúgandi þar
gjörspilltur geng ég allsstaðar
sí og æ, æ og sí

Brúnkuborinn er Árni Páll,
brosandi alltaf en býsna háll.
Hann virðist oftast voða hress
og verndaður er af AGS.

(Þórleifur Ugluspegill Ásgeirsson)

ÉG ER FRJÁLS

Ég er frjáls eins og fuglinn og ég fer ekki héðan
fólkið á enn hérna heima og ég verð hér á meðan.
Hvar er sýslumannshróið hafa einhverjir séð'ann.
Ég er frjáls, ég er frjáls.

Ég er frjáls eins og fuglinn, feginn er hér að vera
meðan bankanna bófar brask og ódæði gera.
Höldum höndunum saman, hér skal engan út bera.
Ég er frjáls, ég er frjáls.

Ég er frjáls, ég er frjáls,
frjáls til að verja hús,
frjáls ég er ekki mús.
Ég er frjáls!

(Páll Heiðar)

BÍTTU GRAS (You, get pie in the sky, when you die)

Hverja helgi um hádegis stund
Herrans þjónar oss tóna guðs dóm.
Ef þú öreigi ferð á hans fund,
færðu svarið með himneskum róm:

Bíttu gras! blessuð stund
bráðum nálgast, og sæl er þín bið.
Þú færð föt, þú færð kjöt
þegar upp ljúkast himinsins hlið.

Liggur krjúpandi Hjálpræðis her,
halelúja með bænum og söng..
Gefðu krónu, þá kennir hann þér
hversu leiðin til himins er þröng.

Bíttu gras! blessuð stund ...

Ef þér finnast þín laun vera of lág
til að lif' eins og manneskju ber,
þér er hótað með helvíti þá,
sagt hve hólpinn sá fátæki er.

Bíttu gras! blessuð stund ...

Komið öreigar, erfiðis menn,
heimtum öryggi, réttlæti og frið.
Það er víst, að nú sigrum við senn,
og við segjum við auðvaldsins lið.

Bíttu gras! blessuð stund ...

(Brynjólfur Bjarnason, ÁsgeirIngvarsson/Joe Hill)

ÞRJÚ HJÓL UNDIR BÍLNUM

Þrjú hjól undir bílnum, það var að falla á hann lán
fjölskyldin er, næstum ber,
borðar ei, fuss og svei
svo við tökum bara eitt hjólið af.

Við syngjum hibbití hæ og hibbití hí
svo glamrar gullkistunum í.
Hérna rétt innan við bankann er okurlán.
Við getum fært ykkur það
uns fellur á ný.

Tvö hjól undir bílnum, það var að falla á hann lán
basl og vesen allt um kring,
börnin hitta sálfræðing
svo við tökum bara eitt hjólið af.

Við syngjum.....

Eitt hjól undir bílnum, það var að falla á hann lán
mamma borðar læknabaun,
pabbi fór á Litla hraun
svo við tökum bara eitt hjólið af

Við syngjum.....

Ekkert hjól undir bílnum, það var að falla á hann lán
við eigum bæði húdd og skott,
fjölskyldan flutt' af landi brott
svo við tökum allt sem eftir er.

Við syngjum.....

(Páll Heiðar)